



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 9. janúar 2012

Fjármálaeftirlitið leggur dagsektir á Stapa lífeyrissjóð

Fjármálaeftirlitið krafðist þess fyrir nokkru að Stapi lífeyrissjóður gerði tilteknar breytingar á útvistunarsamningi sínum um rekstur upplýsingakerfa, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þar sem lífeyrissjóðurinn varð ekki við ítrekuðum kröfum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur tók stjórn Fjármálaeftirlitsins, á fundi sínum þann 14. desember 2011, ákvörðun um að leggja dagsektir á Stapa lífeyrissjóð. Áður hafði lífeyrissjóðurinn nýtt lögboðinn andmælarétt sinn. Dagsektir voru ákveðnar 200 þúsund krónur á dag, sem kæmu til framkvæmda tveimur dögum eftir birtingu ákvörðunarinnar og þar til orðið yrði við kröfum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur.

Krafa Fjármálaeftirlitsins um úrbætur laut að aðgangi Fjármálaeftirlitsins að upplýsingum frá hýsingaraðila og að athuganir, sem Fjármálaeftirlitið teldi vera nauðsynlegan lið í eftirliti með því sem úthýst væri, gætu farið fram á vinnustöð hýsingaraðila. Krafan laut einnig að skyldu hýsingaraðila til að halda skrá yfir utanaðkomandi aðila sem hefðu aðgang að tölvukerfinu.

Í málinu byggði Fjármálaeftirlitið kröfur sínar um úrbætur á því að samningurinn væri ekki í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Við mat Fjármálaeftirlitsins á því var m.a. litið til 3., 4. og 8. gr. leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2005 um rekstur upplýsingatæknikerfa eftirlitsskyldra aðila. sbr. einnig 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um dagsektir var birt Stapa lífeyrissjóði þann 20. desember 2011. Lífeyrissjóðurinn varð við kröfum Fjármálaeftirlitsins þann 26. desember 2011.